

Nr. 18/1903:

W. Ó. Breiðfjörð

gegn

Oddi Gíslasyni fyrir hönd M.
Rasmussens í Kaupmannahöfn.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði stefndi, yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason í umboði M. Rasmussens vinsala í Kaupmannahöfn fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur á hendur kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík til innheimtu á skuld að upphæð 342 kr. og 12 aurar, er M. Rasmussen taldi til hjá áfrýjanda sem eftirstöðva af borgun fyrir vörusendingar til áfrýjanda á árunum 1892—1902. Var málið dæmt í nefndum rétti 22. janúar þ. á., með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda 281 kr. 29 a. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi 4. júlí 1902 til borgunardags, og skila stefnda aftur svonefndum Tempeltinerdrykk, eða greiða andvirði hans, 36 kr. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Svo skyldi og áfrýjandi greiða stefnda 20 kr. í málskostnað og í sekt til landssjóðs 8 kr. fyrir að mæta eigi fyrir sáttanefnd.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir dómsins með stefnu dags. 7. apríl þ. á., og krafist þess, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum stefnda, og sér dæmdur málskostnaður hjá stefnda að skadlausu fyrir báðum réttum. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði

staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Krafa stefnda er bygð á reikningi, er fram hefir verið lagður í málinu fyrir bæjarþinginu, en eftir þeim reikningi hefir áfrýjandi fengið vörur frá M. Rasmussen vinsala fyrir 5—600 kr. á ári frá 1892—1902, og skuldar áfrýjandinn eftir reikningnum umgetnar eftirstöðvar 342 kr. 12 a., en frá þessari upphæð hefir stefndi samþykkt að draga megi kostnað við auglýsingu á Tempeltinerdrykk, sem áfrýjandi hafði í umboðssölu fyrir M. Rasmussen, 24 kr. 83 a., og andvirði þessa drykkjar, 36 kr. — hið síðarnefnda þó því að eins, að áfrýjandi skili M. Rasmussen aftur drykk þessum óskemdum — og kemur hin dæmda upphæð, 281 kr. 29 a., fram við frádrátt beggja þessara upphæða frá hinni upprunalegu kröfu stefnda.

Áfrýjandi hefir viðurkent að skulda af hinni umstefndu upphæð 66 kr. fyrir síðustu vörusendinguna frá stefnda, en að öðru leyti telur hann allan reikninginn rangan og uppspuna að meira eða minna leyti. Hann hefir þó ekki haft á móti því, að hann hafi fengið vörur þær, er á reikningnum eru taldar, en hann hefir sérstaklega fundið að því, að honum eru færðar til útgjalda 6 kr. fyrir viðgerð á endursendum ílátum, og telur, að skuldin stafi að öðru leyti af því, að eigi hafi verið færð sér til inntektar endursend ílát, því að þeim hafi hann mátt skila og skilað þeim öllum, nema c. 55 kr. virði í ílátum eða umbúðum, er hann áskilur sér að endursenda.

Á reikningum þeim (faktúrum), er M. Rasmussen lét fylgja vörusendingum sínum — og áfrýjandi hefir fyrir yfirdóminum viðurkennt að hafa fengið slíka reikninga, þótt hann hefði neitað því fyrir undirréttinum — er það áskilið af stefnda, að áfrýjanda verði færð til útgjalda nauðsynleg viðgjörð á endursendum ílátum, og að tóm ílát verði að endursendast innan 3 mánaða, ef þau eigi að fást endurgoldin. Áfrýjandi virðist því vera réttilega skuldaður um fyrnefndar 6 kr. fyrir aðgjörð á ílátum, og fyrir ílát þau, c. 55 kr. virði, er hann krefst að mega endursenda, er hann einnig réttilega krafinn borgunar, þar sem það er ómótmælt í málinu, að ílát þessi stafa frá vörusendingum, er áfrýjandi fekk meira en ári áður en mál þetta hófst, og hann þannig hefir vanrækt að endursenda þau í tæka tíð.

Þar sem áfrýjandi að öðru leyti hefir haldið því fram, að umstefnd skuld stafi af endursendum ílátum, sem vanrækt hafi verið að reikna honum til frádráttar, þá hefir hann ekki tilgreint nánara hvenær slíkar sendingar hafi átt sér stað frá hans hendi, sem ekki séu taldar í reikningnum, en í reikningnum eru þrífaldlega tilfærðar endursendar umbúðir og ílát, og eru slíkar aðfinslur of óákveðnar og alment orðaðar til þess, að geta komið til greina gegn beinni neitun stefnda.

Mótmæli áfrýjanda gegn kröfu stefnda verða þannig eigi tekin gild og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans, þó svo, að sektin til landssjóða.

ákveðist 4 kr., sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr.
Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða
stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður,
þó svo, að sektin til landesjóðs sé 4 kr. Á-
frýjandinn, W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður,
greiði stefnda, Oddi yfirréttarmálaflutnings-
manni Gíslasyni í málskostnað fyrir yfirdómi
30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8-
vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri að-
för að lögum.

Nr. 36/1902:

Skafti Jósefsson

gegn

Stefáni Th. Jónssyni fyrir hönd
Sömme & Wathne í Stafangri.

D ó m u r:

Hinn stefndi, kaupmaður á Seyðisfirði Stefán
Th. Jónsson höfðaði mál þetta í héraði í umboði
verzlunarfélagsins Sömme & Wathne í Stafangri í
Noregi gegn áfrýjandanum Skafta ritstjóra Jósefs-
syni á Seyðisfirði, til skila og greiðslu á fé, er
hann hafði innheimt fyrir téð verzlunarfélag árin
1892 og 1893, og var málið dæmt í aukarétti
Seyðisfjardarkaupstaðar 25. ágúst 1902 með þeim
úrslitum, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða.